

# Rannsóknarstofa í textíl stofnuð 2020

## Ársskýrsla fyrir árið 2021

Höfundur skýrslu: Ásdís Jóelsdóttir formaður Rannsóknarstofu í textíl

Samþykki fyrir stofnun stofunnar innan Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands lá fyrir haustið 2019, en stofnfundur Rannsóknarstofu í textíl var haldinn fimmtudaginn 30. janúar 2020 kl. 17, nánar í textílstofu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í Skipholti 37. Faglegt bakland að baki stofnun stofunnar er skipað 16 aðilum úr ólíkum áttum, m.a. öllum skólastigum. Stofnun stofunnar er að frumkvæði Ásdísar Jóelsdóttur sem er lektor í textíl og hönnun við MVS HÍ. Árið 2022 voru um 40 skráðir aðilar að rannsóknarstofunni og eru þeir úr ýmsum áttum; skólafólk, kennarar, hönnuðir, listamenn o.s.frv. Að rannsóknarstofunni standa formaður (og stofnandi) frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, fulltrúar frá Listaháskóla Íslands, formenn og varaformenn frá Félagi textílkennara í grunnskólum og Félagi fata- og textílkennara í framhaldsskólum.

### Yfirlit yfir stjórnarmenn stofunnar

#### Formaður og stofnandi stofunnar

Ásdís Jóelsdóttir, lektor í textíl og hönnun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

#### Stjórn

Ásdís Jóelsdóttir, MVS HÍ

Katrín María Káradóttir, Listaháskóli Íslands

Soffía M. Magnúsdóttir, formaður Félags fata- og textílkennara í framhaldsskólum

**Meðstjórnendur** (eru einnig virkir með stjórninni)

Eva María Árnadóttir, Listaháskóli Íslands

Pórunn María Jónsdóttir, varamaður í stjórn Félags fata- og textílkennara í framhaldsskólum

Sigríður Hjartardóttir, varamaður í stjórn Félags textílkennara í grunnskólum

### Markmið og starfsreglur

1 Rannsóknarstofan í textíl mun beita sér fyrir að kynna rannsóknir og þróunarverkefni með áherslu á textílgreinina á grunn-, framhalds- og háskólaskólastigum. Markmiðið er að styrkja tengslin og byggja brú á milli kennara og fræðimanna sem og háskólanema í milli. Markmiðið er einnig að stofan verði vettvangur fyrir og taki þátt í umræðum í samfélaginu sem tengjast skólastarfi og ólíkum starfssviðum greinarinnar.

Hlutverk stofunnar er:

- að efla tengsl menntunar og atvinnulífs í greininni og vera vettvangur fræðapróunar á sviðinu.
- að eiga frumkvæði og að skapa aðstæður til að sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna og vera vettvangur umræðna á sviðinu.
- að standa fyrir málþingum og ráðstefnum og öðrum viðburðum til að miðla þekkingu á sviði og starfssemi stofunnar.
- að auka samstarf og samtal milli hinna ólíku en skyldra faggreina innan textílgreinarinnar sjálfrar sem og annarra fræðigreina sem gæfi möguleika á fjölbreyttari rannsóknar- og þróunarverkefnum.

2 Formaður er starfsmaður Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Formenn og varaformenn Félags fata- og textílkennara í framhaldsskólum og Félags textílkennara í grunnskólum hafa fastar aðsetur í stjórn og eru meðstjórnendur virkir og mæta á stjórnarfundum. Listaháskóli Íslands tilnefni aðila í stjórn fyrir sína hönd og eru það kennarar í fatahönnun. Haldinn er einn formlegur stjórnarfundur í maímánuði ár hvert auk þess eru haldnir netfundir, t.d. á haustin áður en Menntakvika er haldin.

Stjórnin heldur úti hlaðvarpi undir heitinu Textílvarp Rannsóknarstofu í textíl á Spotify og eru umsjónarmenn þess Selma Ragnarsdóttir og Soffía Magnúsdóttir, báðar aðilar að rannsóknarstofunni. Stjórnin tilnefnir einnig fulltrúa í ráðgefandi nefndir sem stjórn rannsóknarstofunnar getur leitað til og haft samráð við, m.a. fræðslunefnd. Í fræðslunefnd eru: Birna Guðmundsdóttir formaður, Ásdís Jóelsdóttir, Guðrún Einarsdóttir og Kolbrún Jenný Gunnarsdóttir.

3 Allir aðilar stofunnar geta komið með tillögur um verkefni og geta komið þeim á framfæri við stjórn stofunnar og geta einnig tekið þátt í framkvæmd þeirra.

4 Rannsóknarstofan hefur aðsetur á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og starfar undir hatti Menntavísindastofnunar MVS.

Markmið rannsóknarstofunnar eru þó ekki fullmótuð og eru margir möguleikar í stöðunni og er það í hlutverki stofnenda og stjórnaraðila að móta markmiðin. Auk þess á stofan að vera í stöðugri þróun og taka tillit til hugmynda og tillagna sem beint er til hennar frá þátttakendum stofunnar og öðrum áhugasömum. Umsvif og fjölbreytileiki greinarinnar mikill og eru nokkur verkefni í ferli og á það bæði við um hópa/aðila innan rannsóknarstofunnar og utan og eru þessir aðilar hvattir til að halda erindi á Menntakviku eða til kynningar í Textílavarpinu eða stærri aðilafundum. Birt var frétt um stofnun stofunnar á fréttavef HÍ undir heitinu *Textílgreinin í öflugri sókn*

[https://www.hi.is/frettir/textilgreinin\\_i\\_oflugri\\_sokn](https://www.hi.is/frettir/textilgreinin_i_oflugri_sokn)

Helstu atriði sem aðilar rannsóknarstofunnar hafa unnið með eru:

- ✓ Skráning og gagnasöfnun
- ✓ Þátttaka í ráðstefnum, málþingum og Menntakviku
- ✓ Rannsóknir – nýlegar og í gangi og hvatning til nýrra
- ✓ Menntun – öll skólastig, námskrá, grunnþættir menntunnar, námsframboð og áherslur
- ✓ Námsbækur, námsefni, fræðibækur, ævisögur o.fl.
- ✓ Stofnanir, samtök og félög, söfn safneignir og varðveisla o.fl.
- ✓ Viðburðir, fyrirlestrar og sýningar
- ✓ Textílvarpíð fór af stað um haustið 2021

Helstu niðurstöður í umræðum aðila er að staða greinarinnar gagnvart Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er augljóslega mikilvæg og sterk og að unnið verði með þær áherslur á öllum skólastigum á næstu árum.

### **Menntakvika 2021 og Textílvarp**

Tvær málstofur undir heitinu **Textílrannsóknir – sjálfbærni, nýsköpun, skólamál og útgáfa** voru haldnar á vegum Rannsóknarstofu í textíl á Menntakviku 2021 eða samtals níu erindi. Streymt var beint af ZOOM og var þátttaka mjög góð og mun fleiri skoðuðu upptökurnar á netinu. Erindin voru fjölbreytt og vöktu mikla athygli og umræður. Einnig voru tekin viðtöl fyrir Textílvarpíð við nokkra flytjendur, þær Kristínu Berman, Berglind Ósk Hlynsdóttir og Sólveig Hansdóttir.

**Hér er yfirlit yfir erindin og flytjendur þeirra sem og innihald:**

### **Textílrannsóknir – sjálfbærni, nýsköpun, skólamál og útgáfa. Fyrri hluti**

Rannsóknarstofa í textíl

Ásdís Jóelsdóttir

„Mér finnst þetta voða skemmtilegt, annars væri ég ekki í þessu“

Guðfinna Pétursdóttir, grunnskólakennari, Borgarhólsskóli, Grunnskóli Húsavíkur og Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Markmið rannsóknar var að varpa ljósi á upplifun textílkennara af starfi þeirra og starfsaðstæðum til að benda á það sem gengur vel og það sem betur mætti fara. Lagt var af stað með eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hver er upplifun textílkennara á starfi sínu og starfsaðstæðum? Framkvæmd var eigindleg rannsókn þar sem gagnaöflun fólst í leit að fræðilegum heimildum og hálfopnum viðtölum við fimm textílkennara. Helstu niðurstöður sýna að upplifun textílkennara af starfi sínu og starfsaðstæðum er nokkuð góð en það eru nokkur atriði sem bæta þyrfti úr. Viðmælendur eru ánægðir í starfi en sú ánægja kemur helst af áhuga þeirra á faginu og að kenna það. Starfsaðstaða þeirra er yfir heildina góð. Hins vegar eru atriði eins og launakjör, einkunnagjöf við lok 10. bekkjar og hástemmd hæfniviðmið í Aðalnámskrá grunnskóla, að hafa neikvæð áhrif á upplifun textílkennara. Einnig upplifa sumir einveru og einangrun í starfi. Einnig telja viðmælendur sig vanta stuðning vegna álags í starfi og að það hvíli mikil ábyrgð á þeim. Allir viðmælendur eru sammála um mikilvægi fagsins í kennslu og finna að nemendum þyki gaman í kennslutímum og myndu ekki vilja missa af textílkennslu. Út frá niðurstöðum má álykta að upplifun textílkennara á starfi sínu og starfsaðstæðum er alla jafna nokkuð góð. Þrátt fyrir það er rými fyrir bætingar og eru nokkur atriði sem hafa neikvæð áhrif á þá upplifun. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður og hvað megi bæta til að upplifum textílkennara á starfi sínum og starfsaðstæðum verði með breyttu og enn betra móti.

## Textílhåndbók fyrir grunnskólann

Kristín Garðarsdóttir, grunnskólakennari, Víðistaðaskóli í Hafnarfirði, Sigríður Hjartardóttir, grunnskólakennari, Vatnsendaskóli og Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í farvatninu er textílhåndbók sem gefin er út af Menntamálastofnun. Um er að ræða finnska kennslubók sem nýlega hefur verið þýdd yfir á íslensku til notkunar í textílkennslu í grunnskólum. Innihald bókarinnar er fjölbreytt og skiptist á hefðbundinn hátt í þrjón, hekl, útsaum og aðrar textílaðferðir. Megináherslan í innihaldi bókar er saumstækni, snið í tilbúnum stærðum og saumaleiðbeiningar. Bókinni fylgja sníðaarkir og kennsluleiðbeiningar fyrir kennara. Nýjungin, ef borið er saman innihald af öðru útgefnu efni fyrir textílkennslu, eru hin fjölmörgu fyrrnefna snið sem fylgja með bókinni. Sniðin eru í nokkrum stærðum fyrir börn og ungmenni af báðum kynjum á grunnskólaaldri. Í hverjum hluta bókarinnar er inngangur og í mörgum tilvikum hefur sá hluti verið staðfærður með áherslu á íslenskar aðstæður eða búinn til nýr inngangur eða viðbætur sem þykja eiga betur við, hér á við hvernig mótun textílkennslu hefur verið hér landi. Bókin er vel skipulögð og eru leiðbeiningar hnitmiðaðar og nemendamiðaðar sem ættu að auðvelda innlagnir í kennslu og að útbúa

nemendamiðuð verkefni með aðstoð innihalds og kennsluleiðbeininga. Í erindinu verður fjallað um hvernig innihald bókar muni geta nýttast í kennslu og hvernig þetta nýja námsefni muni hafa áhrif á breytta kennslutilhögun og mögulega breytta kennsluhætti í faggreininni.

## Íslensk ull og textíll í samstarfi við nýsköpunar- og þekkingarsmiðjur í stórborgum Evrópu

Þorgerður J. Einarsdóttir, prófessor, FVS HÍ og Laufey Axelsdóttir, nýdoktor, FVS HÍ

Textílmíðstöðin á Blönduósi og námsbraut í kynjafræði taka þátt í evrópska H2020 verkefninu CENTRINNO (2020-2024) sem stendur fyrir New CENTRAlities in INdustrial areas and engines for inNOvation and urban transformation. Markmið verkefnisins er að endurvekja hnignandi en menningarsögulega mikilvæg iðnaðarsvæði í Evrópu þar sem störfum hefur fækkað og umhverfi er á fallanda fæti. Nýsköpunar- og þekkingarmiðstöðvum verður komið á fót og þeim ætlað að mæta umhverfisáskorunum samtímans; efla fjölbreytt og skapandi þekkingarhagkerfi, og nýta fyrirbyggjandi menningararf kvenna og karla sem hvata fyrir nýsköpun í anda hringrásarhagkerfis og sjálfbærni. Þátttakendur eru stofnanir, fyrirtæki og háskólar í Amsterdam, Barcelona, Genf, Kaupmannahöfn, Mílanó, París, Tallinn, Zagreb og á Blönduósi. Textílmíðstöðin á Blönduósi stefnir að því að verða miðja nýsköpunar og þekkingar í stafrænni textíllframleiðslu sem byggð er á íslenskum menningararfi og handverkskunnáttu, einkum kvenna, með sérstakri áherslu á ull og umhverfisvæna nýtingu hennar. Í erindinu verður rannsóknarluti verkefnisins kynntur en hann er á hendi kynjafræðinnar. Markmið með rannsóknahlutanum er kanna og kortleggja umgjörð, bakgrunn og sögulega þróun textíliðnaðar á Íslandi, þar með talið núverandi landslag, samfélagslegt umfang, menningarlegar rætur og kynjasjónarmið. Lykilhugtak verkefnisins er arfleifð (e. heritage) í merkingunni varðveisla í lifandi endursköpun. Í verkefninu verða greind fyrirbyggjandi gögn, og aðferðin netverk hughrifa (e. emotion networking) ásamt eiginlegum viðtölum verður beitt til að nýta hefðir og menningararfleifð sem innblástur og hvata til endursköpunar á nýjum tímum og í nýju samhengi. Þess er vænst að niðurstöðurnar stuðli að því að textíllinn geti tekið skrefið inn í stafræna framtíð á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt.

## Textílkennsla í leikskólum

Þóra Lilja Kristjánsdóttir, B.Ed. í leikskólakennarafræðum og Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Markmið lokaverkefnis til B.Ed.-gráðu var að skoða textílkennslu í leikskólum. Höfundur er starfsmaður á leikskóla og með sveinspróf í kjólasaum. Þaðan kviknaði hugmyndin að skrifa um textílkennslu í leikskólum og skoða hvort að textílkennsla hafi áhrif á sköpunargetu leikskólabarna og hvort hægt sé að virkja sköpun þeirra í gegnum textílkennslu. Einnig vildi höfundur kanna af hverju textílkennsla er

ekki viðurkennd faggrein í leikskólum samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Ekki hefur áður verið rannsakað hvernig textílkennsla er háttað í leikskólum. Textílkennsla er fastur liður í grunnskólum landins og samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er textílkennsla byggð á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun. En í leikskólum er textílkennsla ekki mikilvægur liður í leikskólalastarfinu og kemur ekkert fram í Aðalnámskrá leikskóla að textílkennsla eigi að vera hluti af leikskólanámi. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur aftur á móti fram að sköpun sé mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Til þess að fá nánari niðurstöður um textílkennslu í leikskólum sendi höfundur út fyrirspurn til leikskólakennara og bað þá, sem vinna með textíltengd verkefni með leikskólabörnum, að hafa samband. Fimm leikskólakennarar frá mismunandi leikskólum höfðu samband og svöruðu spurningum og var rannsóknin eigindleg. Niðurstöður sýna að leikskólakennarar, sem eru að vinna með textíltengd verkefni með leikskólabörnum, horfa á textíl sem sköpun og nýta verkefni til þess að ýta undir sköpunargetu barnanna. Í erindinu er farið yfir spurningar og svör þátttakenda og rýnt í niðurstöður.

## Textílrannsóknir – sjálfbærni, nýsköpun, skólamál og útgáfa. Seinni hluti

Rannsóknarstofa í textíl

Ásdís Jóelsdóttir

### Um bókina ÍSLENSKIR VETTLINGAR

Guðrún Hannele Henttinen, verslunareigandi og textílkennari, Storkurinn

Kveikjan að rannsókn og innihaldi bókar er áhugi höfundar á vettlingum um árabíl enda hefur hann kennt vettlingaprjón og safnað vettlingum. Eftirspurn hafði einnig aukist eftir vettlingauppskriftum á íslensku og þá helst af hefðbundnum vettlingum. Vettlingaprjón er og hefur verið vinsæl iðja á Íslandi. Víða á minjasöfnum um land allt leynast vettlingar sem marga hefur langað til að prjóna. Það lá því beint við að gera einhverjar af þessum gersemum aðgengilegar. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi varð fyrir valinu sökum mikils vettlingaúrvals, enda eru að finna vettlinga þar frá fyrri öld sem Halldóra Bjarnadóttir safnaði, auk þess sem safninu hafa borist ýmsir vettlingar víða að frá stofnun þess. Fyrirfram hugmyndir okkar um hvernig íslenskir vettlingar líta út gætu tengst því hvaða uppskriftir eru aðgengilegar hverju sinni. Fjölbreytileiki íslenskra vettlinga endurspeglast í bókinni þar sem leitast er við að sýna þá breidd með vali á ólíkum mynstrum og mismunandi útfærslum á hluta vettlinga; þumlum, stofnum, stroffum og totum. Tuttugu og fimm vettlingapör voru talin út, teiknuð upp og löguð að nýrri prjónfestu. Mynstrin og saga þeirra er einn vinkill þegar vettlingarnir eru skoðaðir og er saga þeirra rakin, ef hún er þekkt. Einnig var lögð áhersla á að skilgreina orðanotkun um vettlingaprjón á íslensku og í því samhengi kom sér vel nýútgefið iðorðasafn um prjón frá Íðorðanefnd um hannyrðir. Í erindinu verður fjallað um rannsóknina og fjölbreytileika hefðbundinna íslenskra vettlinga; ólík

mynstur, útfærslur og nálgun í þróni og verður stuðst við ljósmyndir af vettlingum sem koma fyrir í bókinni.

### Námsefni í Þjóðbúningagerð fyrir unglingastigið

Sigrún Óskarsdóttir, meistaranemi og kennari, MVS HÍ.

Leiðbeinandi: Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Þjóðlegar gersemar er námsefni í þjóðbúningagerð fyrir nemendum á unglingastigi. Markmiðið er að kynna fyrir nemendum handverk og gerð íslenskra þjóðbúninga sem mikilvægum lið í að varðveita íslenskan menningararf. Tilgangurinn er að gera nemendum kleift að búa til eigin þjóðbúning á persónulegan og skapandi hátt sem þeir geta nýtt í nokkur ár, en líka sem hvatning til að sauma eða eignast síðar nýjan búning með þeim gildandi aðferðum og leikni sem viðgengst. Rannsóknarverkefnið var unnið sem sjálfstætt verkefni í list- og verkgreinum til MT-gráðu á meistarastigi undir leiðsögn leiðbeinanda. Rannsóknin byggir á B.Ed. verkefni höfundar þar sem gerð var frumtillaga að verkefnahefti. Í þeirri rannsókn voru útfærð ný snið í þremur stærðum af upphlutsbol á stúlkur og vesti á drengi og við þá vinnu var notast við eldri snið og lýsingar. Sniðin eru í þremur stærðum og í fullri stærð til að auðvelda vinnuferlið. Einnig voru saumaðar frumgerðir af upphlut, svuntu og pilsu, vesti og skotthúfu. Gerðar voru tilraunir með saumtækni til að einfalda vinnuferlið sem byggt er á handverksþekkingu frá fyrri tíð. Megináherslan í nýjum hluta rannsóknar eru breytingar á skipulagi og uppröðun innihalds, nýjar textaleiðbeiningar og í staðinn fyrir ljósmyndir af vinnuferlinu hefur höfundur handteiknað útskýringamyndir. Markmiðið er að gera verkefnið aðgengilegri og viðráðanlegri til kennslu í textílmennt á unglingastigi. Í erindinu er fjallað um uppbygginuna á námsefninu og hvernig mögulegt er að skapa þekkingu, virðingu, löngun og vilja til þess að viðhalda hefðinni með því að aðlaga og færa menningararfinn á verklegan hátt til yngri kynslóða.

### Sjálfbærar og umhverfisvænar textílaðferðir - kennsluverkefni í textíl

Kristína Berman, meistaranemi, MVS HÍ

Leiðbeinandi: Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Rannsóknarverkefnið er stutt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og er unnið sumarið 2021 af flytjanda, meistaranema á MVS við HÍ, í samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar og Menntaskólann á Tröllaskaga. Markmið rannsóknarinnar er að fá yfirsýn yfir þær fjölbreyttu umhverfisvænu og sjálfbæru textílaðferðir sem hægt er að nýta í náttúrunni á Tröllaskaga til að lita og færa munstur yfir á efni. Einnig er markmiðið að sannreyna og prófa aðferðirnar á staðnum og að athuga hvernig aðferðirnar ganga í raun og hversu kennsluvænar þær reynast. Umfang verkefnisins er heimildasöfnun, rannsókn á vettvangi, hráefnasöfnun, tilraunavinna, og úrvinnsla. Rannsóknin verður gerð með það fyrir augum

að þróa kennsluverkefni fyrir nemendur með áherslu á sjálfbærar textílaðferðir og nýta til þess efnivið úr nærumhverfi þeirra. Textílaðferðir og -tæknir víða að úr heiminum verða skoðaðar og aðlagðar að rannsóknarsvæðinu og náttúrulegu umhverfi þess. Kennsluverkefnið er í takt við aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla og sérsniðið að nærumhverfi skólanna sem rannsóknin nær yfir. Gildi verkefnisins felst helst í því að taka saman upplýsingar sem geta nýst kennurum við textílkennslu ungs fólks, sem auka meðvitund nemenda um siðferði í textílframleiðslu og hvetur þá meðal annars til umhugsunar um ábyrga og sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Leitað verður áhlits kennara í sveitafélaginu á því hvernig niðurstöður verkefnisins gætu gagnast í skólasterfi þeirra við úrvinnslu rannsóknarinnar. Í erindinu verður fjallað um rannsóknarferlið og rýnt í niðurstöður.

## Þráðhyggja

Berglind Ósk Hlynsdóttir, LHÍ og Sólveig Hansdóttir, meistaranemi, LHÍ

Þráðhyggja er verkefni, stutt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, sem snýst um að lengja líftíma textíls með endurnýtingu og endurvinnslu. Verkefnið er unnið undir leiðsögn Evu Maríu Árnadóttur (LHÍ) og Elsu Arnadóttur (Textílmíðstöð Íslands). Markmiðið við endurgerðina er að nota þekktar frumvinnsluaðferðir eins og að kemma og spinna, ásamt því verða einnig kannaðar aðrar og nýjar leiðir við efnisgerð. Ónýtt efni eða garn, sem fallið hafa til við gerð á fatnaðar eða sem lokið hafa upprunalega hlutverki sínu, verða klippt niður eða rakin upp, þ.e. „af-ofin“ eða „af-prjónuð“. Markmiðið er að vinna áfram með hráefnið í upprunalega eða nýja þræði. Úr þráðunum verða notaðar þekktar jafnt sem óþekktar leiðir til þess að skapa ný efni í nýrri mynd. Niðurstöður verkefnisins verða tíu tillögur að nothæfum efniseiningum sem nýta má áfram í mismunandi vörur innan fata- og textílframleiðslu. Í erindinu verður gerð grein fyrir ferli og aðferðum og sýndar efnisprufur og fjallað um möguleika á notkun þeirra í nýjar afurðir.

## Sjálfbærni í textíl - neysla, nýting og nýsköpun

Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Eftir að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru innleidd um sjálfbæra þróun er enn meiri þörf á þátttöku almennings í aðgerðum gegn umhverfismengun. Markmiðið með rannsóknarverkefninu, sem hófst árið 2019, var að ná utan um þá helstu þætti sem textílgreinin hefur upp á að bjóða í slíkum aðgerðum og niðurstaðan nú færð yfir í bókarmynd. Með aðferðum kennslufræðinnar er sýnt fram á að grunnþekking í textílaðferðum og -fræðum sé mikilvæg leið til að virkja hugsun í verki gegn sóun og mengun frá textílheiminum. Bókin skiptist í þrjá hluta: Neysla, Nýting og Nýsköpun. Í fyrsta hlutanum er fylgt eftir ferli endurhugsunar, það að ekki sé hægt að takast á við vandann nema að þekkja til sögunnar og þeirrar offramleiðslu og ofneyslu sem mótað hafa þær aðstæður sem við lifum

við í dag. Í næsta hluta er hugað að grunnþekkingu í ýmsum textílaðferðum til að takast á þær aðgerðir sem notaðar eru til að endurbæta og endurnota tilbúna textílafurðir sem þegar er til staðar. Í þriðja hlutanum eru tekin fyrir næstu skref sem eru að endurvirkja efni frá textílafurðum. Til þess eru nýttar aðferðir endurnýtingar, hönnunar og nýsköpunar: það er að endurhanna eða búa til eitthvað alveg nýtt úr notuðu með nýtt útlit og notagildi í huga. Niðurstöður sýna að Neysla í merkingunni endurhugsun, Nýting í merkingunni endurnotkun og Nýsköpun í merkingunni endurnýting hafa mikilvæga tengingu sem umhverfisvænar aðgerðir sem stuðlað geta að breyttu neyslumynstri og sjálfbærum lífsstíl. Í erindinu verður farið nánar um uppbyggingu á innihaldi bókar og samtengingu fyrrnefndra þátta.